



Kópaskeri 20. febrúar 2004

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn sveitarstjórnar Öxarfjarðarhrepps um tillögu að þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008, 477. mál.

Samkvæmt bréfi dagsettu 5. febrúar 2004 til sveitarstjórnar Öxarfjarðarhrepps frá umhverfisnefnd Alþingis sendir sveitarstjórn eftirfarandi umsögn um þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008, 477. mál.

Í umsögn um drög að náttúruverndaráætlun kom fram í bréfi sveitarstjórnar dags. 5/6-03 til Umhverfisstofnunar að fullt samráð skuli haft við sveitarstjórn og landeigendur vegna þeirra tillagna sem fram koma í náttúruverndaráætlun og að ekkert verði ákveðið varðandi þessi svæði þar til aðalskipulag fyrir Öxarfjarðarhrepp liggur fyrir.

Helsta athugasemd sveitarstjórnar er vegna þeirra tillagna sem koma fram varðandi Austur- og Vestursand í Öxarfirði en þeir sem þekkja til á svæðinu vita að mikill hiti er þar í jörðu og aðgengi að heitu vatni og sjó er gott. Framtíðarmöguleikar á uppbyggingu atvinnu í héraðinu tengjast Austur- og Vestursandi þar sem jarðhiti er þegar í dag nýttur til húshitunar, ræktunar og fiskeldis, og má vel hugsa sér að þar verði stundaður iðnaður samfara þeirri starfsemi.

Sveitarstjórn tekur hinsvegar undir þær tillögur sem koma fram í þingsályktunartillögunni varðandi mikilvægi þess að friða fuglaflórana á svæðinu, en þar segir á bls. 23, 2. mgr.:

“Nyrsti hluti svæðisins er á náttúruminjaskrá (svæði 532) vegna fjölbreytileika votlendis og auðugs fuglalífs. Talið er mikilvægt að vernda svæðið vegna fjölbreytni og fjölda fugla, alþjóðlegs mikilvægis svæðisins og vegna þess að þar finnast sjaldgæfar tegundir fugla og plantna. Talið er mikilvægt að vernda svæðið með sérstakri áherslu á flórgoða og að svæðið verði gert að friðlandi.”


Þessari verndun er t.d. hægt framfylgja með því að ríkið greiði móttframlag vegna refa- og minkaeyðingar sem er landstóru sveitarfélagi eins og Öxarfjarðarhreppi þungur baggi, en eyðing á mink er forsenda þess að hægt sé að vernda svæðið vegna fjölbreytni og fjölda fugla. Í Öxarfjarðarhreppi hefur verið lagður mikill kostnaður í veiði á ref og mink enda svæðið landstórt og kjöraðstæður fyrir tegundirnar. Stuðningur við þær veiðar þarf að koma fram að einhverju marki nú, án þess að stórt svæði við Öxarfjörð verði friðað.



Sveitarstjórn gagnrýnir enn fremur vinnubrögð Umhverfisstofnunar þar sem lítið sem ekkert kemur fram í náttúruverndaráætluninni um framkvæmdina, þ.e. hvernig standa eigi að þeirri friðun sem lögð er til í áætluninni, aðkomu heimamanna að málinu og síðast en ekki síst hvernig verkefnið skuli fjármagnað.

Hvað við kemur tillögum varðandi stækkun þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum til austurs þá ítrekar sveitarstjórn það sem fyrir hefur komið fram í bréfi þessu varðandi fullt samráð og bendir á að hingað til hefur þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum búið við slíkt fjársveldi að leiða má líkur að því að hinar ýmsu deilur sem upp hafa komið á milli íbúa á svæðinu og forsvarsmanna þjóðgarðsins séu tilkomnar vegna þess. Stærri þjóðgarður í Jökulsárgljúfrum verður að búa við meira öryggi á fjármálum og bygging nýrrar gestamóttöku og gestastofu er forsenda þess að þjóðgarðurinn geti starfað í sátt við umhverfið og heimamenn, en þjóðgarður af slíkri stærð á að skila af sér fjölda starfa og eftirspurn eftir þjónustu í samfélaginu .

Virðingarfyllst,
f.h. Öxarfjarðarhrepps


Elvar Árni Lund, sveitarstjóri